

Reglur um notkun á merki Ísafjarðarbæjar

1. grein

Útlit skjaldarmerkisins

Skjaldarmerki Ísafjarðarbæjar sýnir bát á siglingu á sjávarfleti, til beggja handa eru há Vestfjarðafjöllin en úti fyrir firðinum er miðnætursólin að hníga til viðar.

Merkið var teiknað af Halldóri Péturssyni listmálara og tekið í notkun árið 1966, á 100 ára afmæli Ísafjarðarkaupstaðar. Það var uppfært af Pétri Halldórssyni myndlistarmanni árið 2011.

2. grein

Litir merkisins

Litir merkisins eru blár og rauður. Bátur, fjöll, neðri hluti masturs og neðri hluti mastursbanda eru svört, en bakgrunnur, efri hluti masturs og efri hluti mastursbanda eru hvít. Sé merkið prentað á dökkan grunn er heimilt að draga hvíta línu í kringum það.

Sé merkið notað í grátónaformi skulu öldur þess vera svartar.

Skýringamyndir með 2. grein



Merki Ísafjarðarbæjar í CMYK-litakerfinu:

Rauður: C=0 M=100 Y=100 K=0

Blár: C=100 M=10 Y=0 K=0

Svartur: 100%

Merki Ísafjarðarbæjar í Pantone-litakerfinu:

Rauður: Pantone Red 032

Blár: 2995

Svartur: 100%

3. grein

Letur merkisins

Með skjaldarmerki Ísafjarðarbæjar er notuð leturgerðin Palatino, hástafir. Skjaldarmerkið skal annað hvort staðsett fyrir framan texta eða miðjað með texta. Heitið Ísafjarðarbær er notað í yfirtitli og heiti viðkomandi embættis, deildar eða stofnunar þar undir.

4. grein

Notkun merkisins með öðrum merkjum

Skjaldarmerki Ísafjarðarbæjar má ekki fella inn í önnur merki, tákn eða letur. Þegar skjaldarmerkið stendur með öðru merki skal fjarlægð frá því að lágmarki vera sem nemur helmingi af breidd skjaldar.

5. grein

Notkun merkisins

Starfsmenn Ísafjarðarbæjar og kjörnir fulltrúar noti merkið á bréfum, nafnspjöldum, í útgáfum, auglýsingum og til að auðkenna starfsemi bæjarins.

5.1. Bréfsefni og nafnspjöld

Á bréfsefni verði skjaldarmerki bæjarins ásamt heiti embættis, deildar eða stofnunar efst í vinstra horni eða fyrir miðju. Óski stofnanir eftir að nota eigin merki á bréfsefni ber að staðsetja það neðst í hægra horni og skal það vera innan reits sem er að hámarki jafnt skjaldarmerkinu á hæð. Hið sama gildir um nafnspjöld kjörinna fulltrúa og starfsmanna bæjarins.

Skýringamyndir með 5. grein



ÍSAFJARÐARBÆR



ÍSAFJARÐARBÆR
umhverfis- og eignasvið



ÍSAFJARÐARBÆR

5.2. Kynningarefni, auglýsingar, dreifibréf og annað útgefið efni

Í öllu kynningarefni, skýrslum og öðru útgefnu efni frá stofnunum bæjarins á merki hans að vera áberandi á forsíðu og/eða baksíðu. Ekki er gerð krafa um nákvæma staðsetningu merkisins eða útlit að öðru leyti en því að hönnuðum ber að gæta þess að merkið falli vel að heildarútliti og njóti sín vel.

Heimilt er undir ákveðnum kringumstæðum að nota einstaka táknmyndir úr merkinu, sé það gert með smekklefum hætti og samþykkt af bæjarstjóra eða staðgengli hans.

5.3. Aðgengi að merkinu

Merkið skal vera aðgengilegt á heimasíðu Ísafjarðarbæjar og hjá upplýsingafulltrúa. Það skal afhent öllum þeim sem hyggjast nota það í samræmi við reglur þessar.

5.4. Fánar

Á fánum er skjaldarmerkið miðjað á hvítum eða ljósbláum feldi.

5.5. Gjafavara

Þegar merkið er notað á gjafavöru og annað sem ekki fellur undir hefðbundið prentefni getur verið óhjákvæmilegt að sveigja frá stífum kröfum um litanotkun. Þó er mælt til þess að litir séu sem líkastir því sem tilgreint er í 2. grein. Lögð er áhersla á að skjaldarmerkið fái notið sín með smekklefum hætti eftir því sem við á hverju sinni.

6. grein

Notkun annarra en starfsmanna Ísafjarðarbæjar og kjörinna fulltrúa

6.1. Notkun félagasamtaka

Félög mega, að fengnu leyfi bæjarstjóra eða staðgengils hans, nota merki Ísafjarðarbæjar ásamt félagsmerki sínu eða greinilegu auðkenni. Sama gildir um félög starfsmanna Ísafjarðarbæjar. Ísafjarðarbær getur hvenær sem er krafist þess að merkið sé afmáð úr slíku félagsmerki ef notkun þess kastar rýrð á skjaldarmerkið sjálft eða þykir óheppilegt á annan hátt. Ípróttafélögum sem koma fram í keppnum er heimilt að nota merkið til auðkenningar.

Stjórnmalaflokkum eða -framboðum er ekki heimilt að nota merkið eða hluta þess og óheimilt er með öllu að nota það til stjórnmalááróðurs.

6.2. Notkun á söluvarningi

Óski einstaklingar eða fyrirtæki eftir því að framleiða varning með merkinu eða merkið sjálft í einhverju formi og hafa til sölu þarf til þess leyfi bæjarstjóra eða staðgengils hans hverju sinni. Óheimilt er að nota merkið sem hluta af firmamerki eða vörumerki.